



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	6. fundur stjórnar KLÍ 2019-2020
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	20. febrúar 2020 kl. 18:30
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ)                      Formaður Hafþór Harðarson (HH)                                      Varaformaður Einar Jóel Ingólfsson (EJI)                                      Meðstjórnandi Björn Kristinsson (BK)    3. varamaður Kristján Ó Davíðsson (KÓD)                                      Íþróttastjóri Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP)                                      Framkvæmdarstjóri
Boðuð forföll:	
Fjarverandi:	Ingi Geir Sveinsson (IGS)                                      Ritari Stefán Claessen (SC)    Meðstjórnandi
Fundarritari:	JÁJ

## Dagskrá fundar

Fundargerð síðasta fundar .....	1
Breyting á stjórn KLÍ .....	1
Afreksmálin .....	1
Reglugerð um Íslandsmót öldunga - Úrslitakeppnin .....	2
Mótamál .....	2
ETBF Level I námskeiðið .....	2
Árspaning KLÍ 2020 .....	2
Önnur mál.....	2

## Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

## Breyting á stjórn KLÍ

Innskot í fundargerð frá JÁJ – Ekki rætt á þessum fundi en rétt að þetta komi fram í fundargerð sambandsins. Sesselju Unnur Vilhjálmisdóttir gjaldkeri KLÍ sagði sig frá störfum sambandsins með tölvupósti á stjórn dags. 27.12.2019. Unnur varð við beiðni JÁJ um að sinna gjaldkerastörfum og bókhaldi fyrir sambandið í.þ.m. til loka tímabils.

## Afreksmálin

KÓD fer yfir stöðu mála. A og B form komin inn vegna EWC og EMC í sumar. EYC á góðu róli. Rætt um aldursmál aðila sem þjálfarar hafa valið á EYC. Fram kemur að búið sé að samþykkja valið en andstaða er við það vegna þess að ekki er farið eftir afreksstefnu. Vont mál að svo sé þar sem það er ljóst að þetta fer gegn okkar eigin stefnu. Ákveðið að fyrst búið er að tilkynna þá sé því ekki breytt.

## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Rætt um ráðstefnu sem verður á fös. á EYC um ungmenni í keilu. Ljóst að þjálfarar komast ekki þar sem dagskrá er. Ekki lagt til að senda aðila sérstaklega út, KDÓ kallar eftir fundargerð þegar fundur er búinn.

Fyrirspurn frá aðila í afrekshópi kk um styrk vegna þjálfunarbúða í Svíþjóð í apríl. KDÓ fer yfir málið m.t.t. fjárhagsáætlunnar. HH bendir á að gæta þurfi samræmis milli hópa. JÁJ leggur til að KDÓ hitti þjálfara hópa og fari yfir hvaða fjárh.heimildir eru til verkefna.

### Reglugerð um Íslandsmót öldunga - Úrslitakeppnin

Stjórn afgreiddi fyrir nokkru breytingu á reglugerð þannig að 2x 6 leikja blokkir séu í forkeppni. Það láðist að ræða tillögu um breytingu úrslita. Tillaga um að 3 efstu keppi og að lægsta skor detti út eftir 1. leik að því undanskildu að ef sá sem er í efsta sæti er lægstur eftir 1. leik þá haldi allir áfram, sbr. ESBC mót. Rætt, andstaða en á endanum samþykkt að hafa þetta eins og Íslandsmót einstaklinga, 3 efstu í hvorum flokki, lægsti leikur út og 2 halda áfram. Reglugerð samþykkt með þessum breytingum.

### Mótamál

Rætt um mót framundan. Öll mót eru skv. áætlun m.v. uppl. frá Mótanefnd.

### ETBF Level I námskeiðið

Skv. uppl. frá SC er allt á áætlun. Námskeið verður 28. og 29. febrúar. Skráning í gangi.

### Ársþing KLÍ 2020

JÁJ fer yfir stöðuna. KR hýsir og lagt er til að þing verði 23. maí. Ljóst er að það þarf að kjósa í 1 stöðu í stjórn til 1 árs í stað SUV. JÁJ nefnir að halda þurfi formannafund fljótlega þar sem gera þarf félögum viðvart með þing og stöður. Skv. áætlun eru JÁJ, HH og IGS að klára seinna ár tímabils og óljóst með áframhald aðila. Staðan heilt yfir er ekki góð.

### Önnur mál.

HH nefnir reglur um hliðargöt og hvað við viljum gera. Smá umræður. Lagt til að HH ræði við Tækninefnd og að hún komi með tillögu um að báðar reglur gildi. Tillaga verði lögð fyrir stjórn. EJI spyr um störf framkvæmdastjóra KLÍ. Fékk kvörtun vegna samskipta. Farið yfir málið, PMP og JÁJ svara fyrir umrætt tilvik og málið almennt rætt um samskipti aðila. EJI nefnir bréf frá ÍSÍ varðandi skráningu raunverulegra eigenda. JÁJ skoðar. BK spyr um hvort fylgst sé með olíuburði í deildarkeppnum hvort réttur burður er settur á. JÁJ nefnir að Mótanefnd sendi póst á húsið með hvað á að setja á hvaða brautir. HH kemur inn á að gera þurfi athugasemd strax við húsið sé grunur um rangan burð. Hægt er að sjá strax hvort lengd sé rétt en gæði burðar er ekki hægt að sannreyna.

Fundi slitið 20:00